

Afgreiðsla - komur Símtöl og myndsamtöl Myndsamtöl og núllreikningar Saga 2020.2

Afgreiðsla - komur (staðfest símtöl og myndsamtöl) og skráning læknis / starfsmanns 1

Þessi hluti Sögustundarinnar er ítrekun á því hvernig skráning símtala og myndsamtala er í Sögugrunninum og skráning starfsmanna á komur.

Eins og notendur þekkja þá er hægt að skrá starfsmenn á komur. Merkiðarnir í glugganum eru annaðhvort:

- a) Læknir, annar læknir og hjúkrunarfræðingur eða
- b) Starfsmaður 1, starfsmaður 2 og starfsmaður 3.

Læknir / Starfsmaður 1 er settur sjálfkrafa í samræmi við ákveðnar stillingar í kerfinu, stilligildi, skilgreiningu starfsmanns, skilgreiningum aðfanga...

SAGA=SAGA_20202: A

Koma

Persónuupplýsingar

Kennitala: 010170-5599 Póstnúmer: 105 Breyta

Nafn: Jóna Jónsdóttir Sveitarfélag: Reykjavík

Heimilisfang: Borgartún 37 Farsími: [redacted]

Sími: 4445555 Netfang: jona@gmail.com

Upplýsingar um skráningu

Gjaldflokkur: Almennur (18-66 ára)

Heimilislæknir: Vera Heilsudóttir

Heilsugæslustöð: Heilsugæsla Veru

Afsláttarkort nr. Gildistími: [dropdown]

Sjúkrþj. afsláttarkort Gildistími: [dropdown]

Koma

Upplýsingar um komu: **Starfsfólk** Tilvísun Athugasemdir

Læknir: 9994 ... X Guðrún: [redacted]

Annar læknir: ... X

Hjúkrunarfræðingur: ... X

Staðfesta Hætta við

Það sem ekki er alveg jafnaugljóst er að það verða til „komur“ þótt um sé að ræða símtöl eða myndsamtöl en ber þá að líta á „komuna“ sem staðfestingu á því að einstaklingur hafi átt samskipti við stofnunina og hafi verið sinnt.

Í þessum tilvikum þá birtist ekki komugluggi þegar símtalið / myndsamtalið er merkt „lokið“ þannig að engu er hægt að breyta og í raun erfitt að sjá í fljótu bragði hvað skráðist bak við tjöldin. Það á þó enginn grundvallarmunur að vera á aðföngunum eða hegðun út frá öðrum forsendum svo það hefur nú verið vel yfirfarið og samræmt.

Í hnotskurn er hegðunin eftirfarandi:

Ef stilligildi 2016 er virkt:

- 1) Ábyrgur starfsmaður fyrir aðfangi settur sem lækni / starfsmaður 1.
- 2) Ef enginn starfsmaður skráður ábyrgur, þá er ekki spáð í það meira, enginn settur sem Læknir / starfsmaður 1.

Ef stilligildi 2016 er EKKI virkt:

- 1) Athugað hvort aðfang sé með skilgreindan lækni, þá er hann settur sem lækni / starfsmaður 1.
- 2) Ef enginn lækni er skráður fyrir aðfangi þá er athugað hvort innskráður notandi er lækni, þá er hann settur sem lækni / starfsmaður 1.
- 3) Annars tóm.

Að auki:

Hægt er að **flytja komu** en þá breytast upplýsingar um lækni / starfsmann 1 í samræmi við stillingar aðfangsins sem koman er flutt á. Sem sagt, ef búið er að skrá / breyta lækni / starfsmanni 1 þá skal ekki gera ráð fyrir að það val haldist. Enda eðlilegt að ný lögmál gildi um þann sem á endanum sinnir einstaklingnum, hvort sem það er koma eða samtöl í síma eða mynd.

Athugið þó að aðrir starfsmenn, (annar lækni / starfsmaður 2 og hjúkrunarfræðingur / starfsmaður 3) halda sér, hafi þeir verið skráðir.

Ástæðan fyrir þessu er m.a. sú að lækni / starfsmaður 1 er mikilvægur vegna reikningagerðar.

Myndsamtöl – núllreikningar

Nýtt stilligildi **nr. 2082** stýrir því hvort núllreikningar verði sjálfkrafa til eftir myndsamtöl. Ef það er virkt þá verður til núllreikningur þegar smellt er á „Myndsamtali lokið“ í Afgreiðslueiningu. Stilligildið er upphaflega óvirkt.

Með kveðju,

Origo Heilbrigðislausnir